

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1918.

Bráðabirgðalög um viðauka við lög 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuðfríðnum, undirskrifuð af konungi 5. janúar 1918.

Tilskipun um að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv. 1903, skuli einnig ná til Bandaríkja Norður-Ameríku, undirskrifuð af konungi 16. apríl 1918.

Lög um hækkun á vörutolli, undirskrifuð af konungi 5. júní 1918.

Lög um viðauka við lög nr. 6, 8. febrúar 1917, um heimild handa landsstjórninni til ráðstafana til tryggingar aðflutningum til landsins, undirskrifuð af konungi 14. júní 1918.

Lög um bráðabirgðaútslutningsgjald, undirskrifuð af konungi s. d.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Dalasýslu um skifting Skarðsstrandarhrepps í tvö sveitarfjölög.

84

13. júní

Með brjefi yðar, herra sýslumaður, dags. 4. þ. m., hefir hingað borist erindi frá hreppsnefnd Skarðsstrandarhrepps um skifting þessa hrepps í tvö sveitarfjölög, ásamt meðmælum sýslunefndar með því, að skiftingin verði leyfð.

Út af þessu skal hjer með, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905, skipað svo fyrir sem hjer segir:

1. Skarðsstrandarhreppi í Dalasýslu skal skift í tvö sveitarfjölög. Hinir nýju hreppar nefnast Skarðshreppur og Klofningshreppur. Takmörk hreppanna eru ákveðin þannig: Reynikelda er ysti bærinn á landi í Skarðshreppi, en Ballará insti bærinn í Klofningshreppi. Milli þessara bæja ræður landamerkjum og um leið hreppamerkjum áin Deild. Ystu eyjarnar í Skarðshreppi eru Staðarhólseyjar og Hafnareyjar.
2. Öllum eignum, skuldum og sveitarþyngslum hins núverandi Skarðsstrandarhrepps, þeim er verða þegar skiftingin fer fram, skal skift þannig milli hinna nýju hreppa, að í hlut Skarðshrepps komi $\frac{3}{5}$ hlutar, en í hlut Klofningshrepps $\frac{2}{5}$ hlutar, og eftir sama hlutfalli skal skifta sveitarþyngslum þeim, sem síðar kunna að koma og eiga rót sína í fjelagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sjer stað milli hinna nýju hreppa.
3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar hreppsnefndir hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa og skulu vera 3 hreppsnefndarmenn í hvorum þeirra, en þær skulu síðan framkvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur út af skiftingunni, skal úr honum skoríð af sýslunefnd, er einnig kveður á um fjallskil og afrjetti.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari aðgjörða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gjörð á hinum forna Skarðsstrandarhreppi sem dómpinghá nje manntalsþinghá.